

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. júní 2021 í máli nr. 147/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Kolbrún Arna Villadsen lögfræðingur.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 8. desember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. eiginkonu sinnar, Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst aðallega greiðslu að fjárhæð 131.742 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 6. desember 2020 til greiðsludags, til vara nýrrar afhendingar, en til þrautarvara lægri greiðslu en þeirri sem felst í aðalkröfu sóknaraðila, auk dráttarvaxta frá 6. desember 2020 til greiðsludags. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðila verði gert að skila afhentum söluhlut til varnaraðila gegn endurgreiðslu.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 18. desember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 11. janúar 2021. Athugasemdir við andsvör varnaraðila bárust frá sóknaraðila þann 13. janúar 2021. Athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 19. janúar 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, myndir af bekk af gerðinni Harto Gabin frá heimasíðu framleiðanda, mynd af bekknum sem sóknaraðili fékk afhentan, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, svo og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila, varnaraðila og framleiðanda bekkjarins.

Með bréfi, dags. 5. mars 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili pantaði bekk af gerðinni Harto Gabin af varnaraðila þann 15. júní árið 2020 fyrir 131.742 krónur. Tafir urðu á afhendingu bekkjarins en hann var afhentur sóknaraðila 6. október 2020. Eftir afhendingu kveðst sóknaraðili hafa tekið eftir sveigju í sessu bekkjarins þannig hún stóð upp í báða enda. Hafði sóknaraðili samband við varnaraðila vegna þessa sama dag og bekkurinn var afhentur. Varnaraðili og framleiðandi bekkjarins hafa viðurkennt að um galla sé að ræða sem stafar af því að sessan sé sveigð og að seglar, sem eiga að halda sessunni á sínum stað, hefðu verið ranglega staðsettir í bekknum. Að sögn framleiðanda bekkjarins, Harto Design, er ekki unnt að bæta úr gallanum. Framleiðandi bekkjarins bauðst til þess að endurgreiða sóknaraðila kaupverð bekkjarins að fullu auk þess að sóknaraðili mætti halda eftir bekknum sjálfum.

Endurgreiðslan átti að fara fram þannig að framleiðandi endurgreiddi varnaraðila kaupverðið sem síðar greiddi það til sóknaraðila.

Sóknaraðili telur að með samskiptum sínum við varnaraðila, í kjölfar tilboðsins frá framleiðanda bekkjarins, hafi komist á samningur um lok málsins. Varnaraðili hefur krafist þess að fá bekkinn afhentan gegn endurgreiðslu kaupverðsins.

### *3.1. Sjónarmið sóknaraðila*

Sóknaraðili byggir á því að með tölvubréfum milli sóknaraðila, varnaraðila og framleiðanda bekkjarins, hafi komist á þríhliða samkomulag um það hvernig ætti að ljúka málinu. Samkvæmt samkomulaginu fengi sóknaraðili endurgreitt kaupverðið auk þess að sóknaraðili fengi að halda söluhlutum. Slíkt samkomulag hafi komist á þegar varnaraðili samþykkti þetta fyrirkomulag um lok málsins með tölvubréfi til sóknaraðila og framleiðanda bekkjarins þann 22. október 2020. Hafi varnaraðili einnig fallist á þau málalok í símtali við sóknaraðila og staðfest samkomulagið síðar í skriflegum samskiptum við sóknaraðila. Þar af leiðandi sé varnaraðili aðili samningsins og hafi gefið eftir rétt sinn til að krefjast afhendingar á bekknum gegn endurgreiðslu.

Telur sóknaraðili að með gagnályktun frá 1. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) sé ljóst að heimilt sé að semja um og bera fyrir sig kjör sem eru neytanda hagstæðari en leiðir af lögnum. Um slík kjör hafi verið samið í þessu máli og sóknaraðili geti borið slíkt samkomulag fyrir sig. Sóknaraðili segir að þrátt fyrir að samkomulagið sé í hag sóknaraðila þá hafi tillagan að lausn málsins ekki verið að frumkvæði sóknaraðila. Þá hafi varnaraðili ekki fært fram nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna beri að víkja frá samkomulaginu. Framleiðandi hafi enga kröfu gert um afhendingu bekkjarins fyrr né síðar sem fulltrúi framleiðanda hafi staðfest í símtali við sóknaraðila þann 12. nóvember 2020.

Sóknaraðili styður aðalkröfu sína við þá meginreglu samningaréttar að samninga skuli halda. Byggir sóknaraðili einnig á sjónarmiðum um óréttmæta auðgun. Af samskiptum milli málsaðila og framleiðanda er ljóst að mati sóknaraðila, að framleiðandi ætlaði sóknaraðila þá fjármuni sem lagðir voru inn á varnaraðila, án þess að nokkur krafa væri gerð um skil söluhlutarins. Framleiðandi bekkjarins hafi ekki tekið neina ákvörðun um að styðja varnaraðila fjárhagslega. Ef varnaraðili eignar sér fjármunina, eða setur skilyrði fyrir greiðslu þeirra við afhendingu söluhlutarins, væri um óréttmæta auðgun varnaraðila að ræða á kostnað sóknaraðila. Hin óréttmæta auðgun felist í fjármuninum frá framleiðanda, sem varnaraðili hafi í sínum vörslum, eða vörslu bekkjarins í kjölfar afhendingar hans til varnaraðila.

Sóknaraðili styður varakröfu sína um afhendingu nýs bekkjar með vísan til 29. gr. nkpl. um úrbætur og nýja afhendingu. Kveðst sóknaraðili sáttur við útlit bekkjarins að öllu leyti að undanskildum þeim galla sem hann er haldinn. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi auglýst bekkinn til sölu á vefsíðu sinni allt þar til 9. nóvember 2020 en þann dag krafðist sóknaraðili nýrrar afhendingar á þeim grundvelli að varnaraðili ætlaði ekki að standa við samninginn sem hafði komist á. Varnaraðili hafi hins vegar hafnað sáttaboði varnaraðila þann 11. nóvember 2020 og benti sóknaraðila á að hann gæti keypt sér nýjan bekk fyrir endurgreiðslu kaupverðsins. Sóknaraðili bendir á að bekkurinn sé enn auglýstur til sölu á vefsíðu framleiðandans. Með nýrri afhendingu fái sóknaraðili þann bekk sem hann hafi óskað eftir og varnaraðili fái hinn gallaða bekk afhentan.

Sóknaraðili styður þrautarvarakröfu sína, um afslátt að álitum, við 31. gr. nkpl. Bendir sóknaraðili á að fjárhæð afsláttarins þurfi að taka mið af því að útlit sessunnar kallast á við neðri hluta bekkjarins sem er skápur. Sessan sé órjúfanlegur þáttur í hönnun og heildarútliti bekkjarins. Þá sé um dýrt húsgagn að ræða sem var keypt vegna einstakrar

hönnunar sem passi vel inn á heimili sóknaraðila og ekki sé unnt að fá sessu sömu gerðar hjá öðrum seljanda hér á landi. Ekki sé heldur unnt að lagfæra seglana í bekknum eða sessuna sjálfa og kostnaðarsamt yrði að fá bólstrara hér á landi til að útbúa sambærilega sessu, sem yrði líklega ekki nákvæmlega eins í útliti sem eftirlíking af hönnunarvöru.

Sóknaraðili styður kröfu sína um dráttarvexti, frá 6. desember 2020 til greiðsludags, við að þann 6. nóvember 2020 hafi sóknaraðili skorað á varnaraðila með tölvubræfi að efna sinn hluta samkomulagsins og leggja fjármunina inn á tilgreindan reikning, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sóknaraðili bendir að lokum á að krafa varnaraðila, um að sóknaraðili skili söluhlutum gegn endurgreiðslu, feli í raun í sér kröfu um riftun. Hins vegar hafi sóknaraðili greitt fyrir söluhlutinn og veitt honum viðtöku. Verði þar af leiðandi ekki séð að varnaraðili hafi nokkra heimild, sbr. 45. gr. nkpl., til að krefjast riftunar.

### *3.2. Andsvör varnaraðila*

Varnaraðili krefst þess að honum verði heimilt að endurgreiða sóknaraðila 131.742 krónur sem fullnaðaruppgjör milli málsaðila gegn skilum bekkjarins, enda hafi sóknaraðili hafnað söluhlutum í skilningi 3. mgr. 45. gr. nkpl. Telur varnaraðili að með því sé gætt sanngirnisjónarmiða við uppgjör málsins enda ágreiningslaust að við riftun skuli samningsaðilar ganga frá borði líkt og samningur hafi ekki komist á. Bendir varnaraðili á að krafa sóknaraðila sé afar hagfelld sóknaraðila en á móti afar ósanngjörn fyrir varnaraðila.

Varnaraðili telur að hafna beri aðalkröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að engin lagastoð sé fyrir þeirri kröfu, sem feli í sér tilraun til að hagnast með óréttmætum hætti á kostnað fulltrúa varnaraðila, sem hafi takmarkaða getu til að verja sig vegna tungumálaörðugleika og annarra atriða sem fylgja því að vera erlendur aðili búsettur á Íslandi. Þá bendir varnaraðili á að engin sönnun sé fyrir því að framleiðandi bekkjarins hafi greitt kaupverð bekkjarins til varnaraðila. Er sjónarmiðum um óréttmæta auðgun hafnað af varnaraðila, sem telur slík sjónarmið einnig eiga við um aðalkröfu sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að rauði þráður neytendakaupalaganna sé sá að sanngirni skuli gætt milli neytanda og seljanda en með kröfu sóknaraðila séu hagsmunir varnaraðila fótum troðnir. Krefst varnaraðili þess að réttarstaða aðila verði sú sama og ef kaupin hefðu ekki átt sér stað, sbr. 49. gr. nkpl. Varnaraðili hafnar því að skuldbindandi samningur hafi komist á milli sóknaraðila og varnaraðila. Ef litið sé svo á að samningur hafi tekist milli málsaðila þurfi hins vegar einnig að líta til þess að óheiðarlegt sé fyrir sóknaraðila að samningurinn haldi gildi sínu vegna framangreindra atriða. Beri því að ógilda hann, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 36. gr. sömu laga. Telur varnaraðili kröfu sóknaraðila ósanngjarna og andstæða góðri viðskiptavenju í neytendakaupum. Þá hefur varnaraðili bent á að krafa hans um skil bekkjarins byggji á öryggissjónarmiðum.

Varnaraðili krefst þess að varakröfu sóknaraðila verði hafnað vegna ómöguleika. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda söluhlutarins hafi framleiðandi hætt framleiðslu umrædds bekkjar og varnaraðila sé því ekki fært að afhenda nýja, ógallaða vöru. Varan hafi hins vegar verið til sölu á heimasíðu varnaraðila þar til í nóvember 2020 vegna mistaka. Þar af leiðandi sé til staðar hindrun sem seljandi ræður ekki við í skilningi 1. mgr. 29. gr. nkpl. Leggur varnaraðili fram afrit af tölvupósti frá framleiðanda bekkjarins til varnaraðila, dags. 11. janúar 2021, þar sem segir: „For information, following this dispute, we have temporarily withdrawn the GABIN bench from our collection in order to rework its design. This product has been modified, the cushion is now attached to the bench and we have been able to restart production. Unable to replace the product, we

were forced to reimburse you for this product at the end of last year. I remain at your disposal.“

Um þrautarvarakröfu sóknaraðila bendir varnaraðili á að við ákvörðun afsláttar beri að hafa sjónarmið neytendakaupalaga, m.a. 31. gr. laganna, til hliðsjónar.

### *3.3. Athugasemdir sóknaraðila*

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila bendir sóknaraðili á að þrátt fyrir að varnaraðili sé íslenskur lögaðili, sem starfi einungis á Íslandi, hafi öll samskipti vegna málsins farið fram á ensku. Þá geti samskipti við kærunefndina einnig farið fram á ensku. Vísar sóknaraðili til viðtals við varnaraðila á síðunni mbl.is, frá 21. september 2020, þar sem eigandi varnaraðila kveðst skilja „töluvert mikið í íslensku“. Þá sitji einnig íslenskur aðili í stjórn varnaraðila. Telur sóknaraðili því ótækt að varnaraðili ætli að vekja þau hughrif hjá nefndinni að hann sé „hjálparvana lítilmagni, sem sæti ofsóknum neytanda“.

Sóknaraðili kveðst hafa lagt mikið á sig til að ná nýju samkomulagið við varnaraðila þegar ljóst hafi orðið að varnaraðili hugðist ekki efna það samkomulag sem sóknaraðili taldi að hefði komist á um lok málsins. Sóknaraðili hafi þannig boðið varnaraðila að ljúka málinu með afhendingu ógallaðs eintaks eða, þegar varnaraðili sagðist ekki geta orðið við því, með afslætti. Varnaraðili hafi hins vegar annað hvort hafnað tillögum sóknaraðila án skýringa eða ekki svarað. Sóknaraðili telur að vísan til 3. mgr. 45. gr. nkpl. eigi ekki við í málinu þar sem sóknaraðili hafi ekki hafnað söluhlutnum í skilningi ákvæðisins. Vísar sóknaraðili til ummæla við ákvæðið í frumvarpi til laganna þar sem segir að: „[v]ísun til þess að neytandinn hafni hlutnum á við þegar neytandinn hafnar honum af öðrum ástæðum en vegna vanefnda af hálfu seljanda.“ Ágreiningslaust sé að söluhluturinn í máli þessu sé haldinn galla, galli er ein tegund vanefnda og þegar af þeirri ástæðu eigi vísan til ákvæðisins ekki við.

Sóknaraðili kveðst sammála því að almennt leiði ekki af ákvæðum nkpl. að neytandi geti haldið söluhlutnum ef hann tekur við endurgreiðslu. Hins vegar sé heimilt að semja um kjör sem eru neytanda hagstæðari en leiði af lögunum og telur sóknaraðili fullar sönnur hafa verið lagðar fram fyrir því að slíkt samkomulag hafi komist á. Þá hafi varnaraðili ekkert svigrúm til að bera því við að um misskilning sé að ræða sem skrifist á tungumálaörðugleika. Sóknaraðili hafnar því að ógilda beri samkomulagið með vísan til 33. eða 36. gr. samningalaga. Þurfi að skoða þá kröfu varnaraðila í ljósi þess að efni samkomulagsins var ekki samkvæmt uppástungu sóknaraðila og í því ljósi að sóknaraðili sé neytandi. Þá bendir sóknaraðili á framleiðandi bekkjarins virðist hafa endurgreitt kaupverðið til varnaraðila samkvæmt því sem komi fram í tölvupóstinum frá framleiðanda til varnaraðila, sem varnaraðili lagði fram með andsvörum sínum.

Sóknaraðili bendir á að framleiðandinn bjóði sama bekk enn til sölu á vefsíðu sinni. Um sama bekk sé að ræða en af bréfi framleiðanda til varnaraðila verði ráðið að hönnun bekkjarins hafi verið breytt lítillega þannig að sessan sé nú föst við bekkinn. Telur sóknaraðili að slík breyting valdi því ekki að bekkurinn sem er nú til sölu hjá framleiðanda teljist ekki sömu gerðar og umþrættur bekkur. Telur sóknaraðili að varnaraðila sé ekki ómögulegt að afhenda sóknaraðila ógallað eintak.

### *3.4. Athugasemdir varnaraðila*

Í athugasemdum sínum við athugasemdir sóknaraðila ítrekar varnaraðili að hann hafi þegar boðið sátt í málinu með fullri endurgreiðslu en sóknaraðili hafi neitað þar sem hann byggi á samkomulagi sem hafi ekki verið til staðar. Þá segir varnaraðili að ekki sé um sama bekk að ræða sem er til sölu á heimasíðu framleiðandans þar sem sá bekkur sé án sessu.

Sé því ekki unnt að afhenda nýjan bekk. Varnaraðili kveðst ætla að lækka boð sitt um endurgreiðslu ef bekkurinn er illa farinn þegar hann er sóttur af varnaraðila.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti bekk af gerðinni Harto Gabin af varnaraðila þann 15. júní 2020 fyrir 131.742 krónur. Bekkurinn var afhentur þann 6. október árið 2020. Sama dag tilkynnti sóknaraðili um galla í bekknum til varnaraðila.

Um viðskipti þau sem deilt er um í málinu gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Varnaraðili hefur fallist á að bekkurinn hafi verið haldinn galla við afhendingu. Verður því ekki tekin afstaða til þess af hálfu kærunefndarinnar. Ágreiningur málsins varðar það hvort samningur hafi komist á milli sóknaraðila og varnaraðila um lyktir málsins, svo og um viðeigandi vanefndarúrræði sem sóknaraðili getur gripið til vegna gallans.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila 131.742 krónur líkt og samið hafi verið um milli málsaðila með aðkomu framleiðanda bekkjarins. Krafa á sér ekki stoð í lögum um neytendakaup en sóknaraðili byggir á því að samkomulag hafi komist á milli aðila um þessar lyktir málsins. Í tillögum framleiðanda bekkjarins var fallist á endurgreiðslu kaupverðsins og var sóknaraðila einnig boðið að halda eftir hinum gallaða bekk. Varnaraðili telur að ekki hafi komist á samkomulag milli málsaðila um endurgreiðslu. Slíkt samkomulag á sér ekki stoð í lögum að mati varnaraðila. Ef kærunefndin lítur svo á að samkomulag hafi komist á milli málsaðila telur varnaraðili að ógilda ætti samkomulagið með vísan til 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Þann 20. október 2020 barst tölvupóstur frá framleiðanda bekkjarins, til sóknaraðila og varnaraðila, þar sem viðurkennt var að bekkurinn væri haldinn galla sem ekki væri unnt að bæta úr. Í tölvupóstinum sagði fulltrúi framleiðandans: „I am offering a refund of your order as the product is not as qualitative as it should be. Of course, we will not ask for a return of the bench you received. I do hope that you will find a use to it even though it is lacking.“ Með tölvupósti degi síðar, þann 21. október 2020, féllst sóknaraðili á þessi málalok með tölvupósti til framleiðandans og varnaraðila. Þann 22. október 2020 barst sóknaraðila og framleiðanda bekkjarins tölvupóstur frá varnaraðila þar sem sagði: „Thank you, Marie, for proposing this solution. Please find the invoice enclosed to proceed to the refund. Ása, we are sorry for this situation, but we are happy that you accept the offer.“

Með svari sínu til sóknaraðila og framleiðanda bekkjarins, þann 22. október 2020, kvaðst varnaraðili ánægður með að sóknaraðili hafi fallist á tillögu framleiðandans. Sú yfirlýsing var til þess fallin að skapa væntingar sóknaraðila um efnisleg lok málsins. Hins vegar verður ekki litið svo á að yfirlýsing framleiðanda bekkjarins geti bundið varnaraðila í þeim viðskiptum sem áttu sér stað milli sóknaraðila og varnaraðila. Verður þar af leiðandi að fara fram mat á því hvort samskipti sóknaraðila og varnaraðila, í kjölfar yfirlýsingarinnar, hafi falið í sér að samningur hafi komist á sem skuldbindi málsaðila við þessar lyktir málsins. Sóknaraðili hefur bent á að varnaraðili hafi haft samband símleiðis í kjölfar tilboðs framleiðanda bekkjarins. Með símtalinu hafi komist á samningur milli sóknaraðila og varnaraðila um lok málsins.

Í tölvupósti frá varnaraðila til sóknaraðila, þann 6. nóvember 2020, óskaði varnaraðili eftir upplýsingum um það hvert hann ætti að endurgreiða kaupverðið. Svo segir: „The arrangement is different from the initial one, and we will need to keep the bench“. Þá sagði varnaraðili einnig í tölvupósti: „I mentioned you earlier that you will be able to keep the bench, but it was an error.“

Ekkert liggur fyrir í málinu sem staðfestir frásögn sóknaraðila á því sem fram kom í símtalinu við varnaraðila í kjölfar tilboðsins frá framleiðanda bekkjarins. Þá verður ekki ráðið með vissu hvort varnaraðili sé í framangreindum tölvupósti að vísa til yfirlýsingar framleiðandans hvað varðar fyrra samkomulag (e. arrangement) eða síðar tilkomins samkomulags milli sóknaraðila og varnaraðila. Sönnunarbyrðin um tilvist slíks samnings hvílir á sóknaraðila. Getur nefndin ekki fallist á að sýnt sé fram á það í málinu að samningur hafi komist á milli sóknaraðila og varnaraðila um lyktir málsins. Er því ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst þess til vara að varnaraðila verði gert að afhenda sér nýjan bekk. Mælt er fyrir um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar í 29. og 30. gr. nkpl. Í 1. mgr. 29. gr. nkpl. segir að neytandi geti valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar. Þetta á þó ekki við ef fyrir hendi er hindrun sem seljandi ræður ekki við eða ef það hefur í för með sér ósannfjarnan kostnað fyrir seljanda. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins ber, við mat á því hvort kostnaður sé ósanngjarn, að líta til verðmætis ógallaðs söluhlutar, þýðingu gallans og hvort hægt sé að beita öðrum úrræðum án verulegs óhagræðis fyrir neytandann.

Varnaraðili hefur byggt á því að ný afhending sé ómöguleg þar sem framleiðslu bekkjarins í núverandi mynd hafi verið hætt. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. 29. gr. nkpl. telur nefndin sér ekki fært að fallast á varakröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili hefur til þrautarvara krafist greiðslu sem er lægri en kaupverð bekkjarins. Líta verður á þá kröfu sem kröfu um afslátt í skilningi 31. gr. nkpl. Samkvæmt ákvæðinu getur neytandi krafist afsláttar af kaupverði ef ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu. Skal afslátturinn reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

Fallist er á það með sóknaraðila að hann eigi rétt á afslætti af kaupverðinu vegna galla á bekknum. Umþrættur galli felst í því að sessa bekkjarins er sveigð og er ekki föst við neðri hluta bekkjarins. Fram hefur komið að erfitt verði að bæta úr gallanum með fullnægjandi hætti. Ekki liggja hins vegar fyrir gögn sem sýna fram á raunverulegt umfang gallans eða notkunargildi bekkjarins í núverandi ástandi. Verður því að meta afslátt að álitum. Sóknaraðili á rétt á afslætti sem nemur þriðjungi kaupverðsins. Varnaraðila ber að greiða sóknaraðila alls 47.724 krónur, ásamt vöxtum frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því að varnaraðili var sannanlega krafinn um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þ.e. frá 6. desember árið 2020 til greiðsludags.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Z, ber að greiða sóknaraðila, Y, 47.742 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 6. desember 2020 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Kolbrún Arna Villadsen